



Reykjavík 15.05.2019

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 15. maí 2019 varðandi eftirfarandi mál.

Teigahverfi

Lögð fram umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 9. maí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna lóðarinnar nr. 24 við Kirkjuteig. Í breytingunni felst að stækka núverandi byggingu leikskólans þannig að skólinn verði átta deilda leikskóli, færarlegar kennslustofur á leikskólalóðinni verða fjarlægðar, um er að ræða byggingarreit fyrir allt að tveggja hæða byggingu að hluta til og verður hluti þaks á 1. hæð notað sem leiksvæði barnanna, norðan megin við núverandi leikskólabyggingu verður gert nýtt leiksvæði og einnig við lóðamörk leikskólans í austur sem munu nýttast bæði börnunum í Laugarnesskóla og þeim sem eru á leikskólanum Hofi og lóð leikskólans verður stækkuð til norðurs, samkvæmt deiliskipulag- og skýringaruppr. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 8. maí 2019. Einnig er lagt fram heildaryfirlit lóða leikskólans og grunnskólans ódags. og minnisblað skóla- og frístundasviðs dags. 9. maí 2019.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjöl: deiliskipulag- og skýringaruppr. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 8. maí 2019, heildaryfirlit lóða leikskólans og grunnskólans ódags. og minnisblað skóla- og frístundasviðs dags. 9. maí 2019.